

STJÓRNARTÍÐINDI B 46 – 1990

12. júlí 1990

837

Nr. 309

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Eyrarsveit.

1. gr.

Leyfisgjald vegna hundahalds, sbr. c-staðlið 2. gr. samþykktar um hundahald í Eyrarsveit frá 11. júlí 1990 skal vera kr. 500 fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði. Gjaldið greiðist fyrirfram fyrir upphafstímabilið til reglulegs gjalddaga árgjalds, sem er 1. mars ár hvert. Árgjaldið greiðist einnig fyrirfram fyrir tímabilið frá 1. mars til jafnlengdar næsta ár.

2. gr.

Handsömunargjald skv. 4. gr. ofangreindrar samþykktar skal vera kr. 2 000 í fyrsta skipti, kr. 4 000 í annað og kr. 6 500 í þriðja skipti.

3. gr.

Ofangreind gjaldskrá sveitarstjórnar Eyrarsveitar staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi frá og með 1. október 1990 að telja.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 12. júlí 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

23. júlí 1990

Nr. 310

AUGLÝSING

um verðjöfnun vegna útflutnings sjávarafurða í ágústmánuði 1990.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 39, 15. maí 1990, hefur það hlutfall af andvirði sjávarafurða sem inn- og útgreiðslur skulu miðast við vegna útflutnings í ágústmánuði 1990 verið ákveðið sem hér segir:

1. Afurðir deildar fyrir unnar botnfiskafurðir: Innborgun 1%.
2. Afurðir deildar fyrir óunnar botnfiskafurðir: Innborgun 1%.
3. Afurðir rækjudeildar: Útborgun 5%.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 23. júlí 1990.

Halldór Ásgrímsson.

Gylfi Gautur Pétursson.

B 60

Prentsmiðjan Gutenberg hf.